

53. Frjálsíþróttaping



Skýrsla stjórnar og ársreikningar



**Haldlö
í hátíðarsal Umf. Fjölnis
íþróttamiðstöðinni við Dalhús,
Reykjavík, 5. og 6. apríl 2002**

Efnisyfirlit

Dagskrá 53. Frjálsíþróttabings

Skýrsla stjórnar fyrir starfstímabilið 2000–20001

<i>Stjórn sambandsins og rekstur</i>	1
Rekstur sambandsins	2
Samstarfssamningar	2
<i>Íþróttamót og stefna</i>	4
Íþróttastefna FRÍ	4
Fjör í frjálsum	4
Smáþjóðaleikar	4
Evrópubikarkeppnin	4
Heimsmeistaramót	5
Evrópumeistaramót	5
Evrópumeistaramót unglinga	5
HM 17 ára og yngri	5
NM unglinga	5
Ólympíudagar æskunnar	5
Öldungaráð	5
Stigamót FRÍ	6
<i>Tækni- og aðstöðumál</i>	6
Framkvæmd móta	6
Dómaramál	7
Dómaranámskeið	7
Lyfjamál	7
Aðstöðumál	8
Keppnisreglur og staðfesting Íslandsmeta	9
<i>Innlend samskipti</i>	9
<i>Erlend samskipti</i>	10
Þing IAAF	10
Þing EAA	10
Norrænt samstarf	11
Frjálsíþróttasamband evrópskra smáþjóða (AASSE)	11
<i>Fræðslu- og útbreiðslumál</i>	12
Fræðslumál	12
Þróun fjölda iðkenda	12
<i>Finnska skýrslan</i>	13
<i>50 ára afmæli sigurs í landskeppni</i>	14
<i>Uppskeruhátið</i>	15
<i>Lokaorð</i>	15

Ársreikningar

Lög FRÍ

Viðaukar 1 – 4

Dagskrá

53. frjálsíþróttapings

Föstudagur, 5. apríl

- 17:00 Setning
- 17:25 Kosning þingforseta og ritara
Kosning nefnda þingsins:
 - a. Kjörbréfanefndar
 - b. Fjárhagsnefndar
 - c. Laganefndar
 - d. Allsherjarnefndar
- 17:30 Ávörp gesta
- 17:50 Afhending heiðursviðurkenningar
- 18:00 Hátíðarkvöldverður í boði Reykjavíkur
- 19:00 Skýrsla stjórnar
Reikningar fyrir árin 2000 og 2001 lagðir fram
Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- 20:00 Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára
- 20:15 Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum
- 20:30 Aðrar tillögur
- 21:00 Nefndarstörf

Laugardagur 6. apríl

- 08:00 Framhald nefndarstarfa
- 10:00 Afgreiðsla mála
- 11:00 Umhverfi afreksíþróttar. Dr. Þórólfur Þórlindsson prófessor við Háskóla Íslands.
- 11:30 Umræður
- 12:00 Hádegisverðarhlé
- 12:30 Kynning á frjálsíþróttar- og sýningarhúsi í Laugardal.
- 13:00 Afgreiðsla mála (frh.)
- 14:30 Kosningar
Kosning formanns og 4 stjórnarmanna
Kosning 5 varamanna í stjórn
Kosning 2 skoðunarmanna reikninga
Kosning 5 fulltrúa á Íþróttaping
- 15:00 Önnur mál.
- 15:30 Þingslit.

Skýrsla stjórnar fyrir starfstímabilið 2000–2001

Stjórn sambandsins og rekstur

Á þingi FRÍ, sem haldið var í Smáranum í Kópavogi, 17. og 18. nóvember árið 2000, voru eftirtaldir kjörnir í stjórn: Jónas Egilsson formaður, Guðmundur Sigurðsson, Gunnlaugur Karlsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Þórarinn Sveinsson. Í varastjórn voru kjörin: Dóra Gunnarsdóttir, Birgir Guðjónsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Sigurður Haraldsson og Pétur Pétursson. Verkaskipting innan stjórnarinnar var ákveðin sem hér segir: Varaformenn Þorsteinn Þorsteinsson og Þórarinn Sveinsson, gjaldkeri Gunnlaugur Karlsson og ritari Guðmundur Sigurðsson.

Þá var samþykkt svohljóðandi verkaskipting innan stjórnar og skipan í nefndir á vegum sambandsins á starfstímabilinu:

- Bókhaldsmál: Pétur Pétursson.
- Fræðslumál: Þórarinn Sveinsson.
- Íþrótt- og afreksstefna FRÍ: Þórarinn Sveinsson, Gunnlaugur Karlsson og Guðmundur Sigurðsson.
- Laganefnd: Guðmundur Sigurðsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Jónas Egilsson.
- Landsliðsnefnd: Sigurður Haraldsson, Dóra Gunnarsdóttir og Jón Þ. Heiðarsson.
- Markaðsmál: Gunnlaugur Karlsson.
- Mótamál: Þorsteinn Þorsteinsson.
- Nefnd um útgáfu reglna FRÍ: Sigurður Haraldsson og Þorsteinn Þorsteinsson í samráði við Birgi Guðjónsson og Guðmund Sigurðsson.
- Öldungaráð: Ólafur Þ. Þórðarson og Trausti Sveinbjörnsson.
- Stjórn Reykjavíkumaraþons: Guðmundur Sigurðsson.
- Skráningarnefnd: Friðrik Þór Óskarsson.
- Tækninefnd: Birgir Guðjónsson, formaður.
- Útbreiðslumál: Jónas Egilsson, Þórarinn Sveinsson og Þráinn Hafsteinsson.
- Ekki var skipað í almenningsíþróttanefnd eða unglínganefnd, þar sem ekki fékkst fólk til starfsins, en þessum málaflokkum var sinnt af stjórn sambandsins.

Að frumkvæði landsliðsþjálfara var í byrjun árs 2001 skipuð Íþrótt- og afreksnefnd FRÍ sem tók yfir hlutverk landsliðsnefndar, sem jafnframt var lögð niður. Íþrótt- og afreksnefnd skipuðu Vésteinn Hafsteinsson landsliðsþjálfari, Jón Þ. Heiðarsson, Egill Eiðsson, Jón Sævar Þórðarsson og Guðrún Arnardóttir. Úrsögn FRÍ úr stjórn RM tók gildi í árslok ársins 2000, en aðeins einn stjórnarfundur var haldinn á almanaksárinu.

Stjórnin hefur haldið 34 bókaða stjórnafundi í starfstímabilinu, auk fjölda annarra funda sem stjórnarmenn sóttu og héldu. Egill Eiðsson var framkvæmdastjóri FRÍ á tímabilinu og er hann í $\frac{3}{4}$ hluta starfi. Reynir Logi Ólafsson starfar á skrifstofu sambandsins í markaðs- og fjáröflunarmálum. Vésteinn Hafsteinsson er í hlutastarfi sem landsliðsþjálfari sambandsins.

Rekstur sambandsins

Hægar hefur gengið að draga úr skuldum sambandsins en til stóð. Þó hefur tekist að greiða niður skuldir sambandsins á árinu og hefur verið hagnaður af rekstri sambandsins nú fjögur ár samfellt. Þetta hefur tekist á sama tíma og haldið hefur verið úti sem öflugur starfi innan hreyfingarinnar. Hefur stjórnin jafnvel setið undir gagnrýni landsliðsþjálfara fyrir aðhaldssemi sína í fjármálum. Nánari umfjöllun um þessi mál er að finna í reikningum sambandsins.


Rekstur FRÍ hefur gengið þokkalega undanfarið, en hægar gengur að greiða niður skuldir er ætlað var. Gjaldþrot ferðaskrifstofunnar Samvinnuferða-Landsýn (S-L) getur hins vegar haft áhrif á starsemi FRÍ, því að þrotabú fyrirtækisins hefur gert þá kröfu að FRÍ greiði afslátt sem það átti inni hjá fyrirtækinu, en sú upphæð nemur rúmlega kr. 600 þús. auk vaxta og innheimtukostnaðar, eða samtals um kr. 912 þús. Í samningi FRÍ og S-L voru ákvæði um afslátt til FRÍ sem tengdur var magni viðskipta sambandsins við fyrirtækið. Sá afsláttur nam ofangreindri kr. 600 þús. upphæð

og hafði framkvæmdastjóri FRÍ gengið frá samkomulagi við fjármálastjóra fyrirtækisins rétt fyrir gjaldþrot þess. Það samkomulag virðist ekki hafa skilað sér til bústjóra eða í skjöl fyrirtækisins þrátt fyrir að FRÍ hafi leitast við að benda á lausn þessa máls. Stjórnin telur rétt að vekja athygli þingsins á þessu máli, því ef allt fer á versta veg, mun sambandið þurfa að standa skil á þessari fjárhæð.

Samstarfssamningar

Þó nokkrir samningar við samstarfs- og styrktaraðila hafi verið gerðir á starfstímabilinu er ljóst að betur má ef duga skal. Samkeppni fer harðnandi um athygli íþróttafólks og æsku þessa lands og til þess að vera samkeppnisfær á þessum markaði er nauðsynlegt að hafa úr nægilegu fjármagni úr að spila.

Ástæður fyrir erfiðleikum á „styrktarsamningamarkaðinum“ eru einkum tvenns konar. Bæði er efnahagsástandið ekki sem skyldi og síðan er samkeppnin að harðna með tilkomu fleiri aðila inn á þennan markað, ekki síst ríkisstofnana. Slíkt hlýtur að vekja nokkra athygli þegar stofnanir sem hingað til hafa starfað á hinum „verndaða ríkisstyrkta markaði“ koma inn á vettvang sem hin fjálsu félagasamtök hafa haslað sér völl á. Ef þetta á að vera þróunin, hlýtur íþróttahreyfingin að gera auknar kröfur til stuðnings frá hinu opinbera, bæði ríki og sveitarfélögum. Þá er ljóst að slæm frammistaða margra deilda eða greina innan íþróttahreyfingarinnar, eða glannalegar aðferðir koma slæmu orði á íþróttahreyfinguna í heild sinni og er ekki hvetjandi fyrir fyrirtæki að koma til samstarfs við íþróttahreyfinguna. Slæm staða einstakra íþróttgreina dregur til sín fjármagn frá sveitarfélögunum til að bjarga húsnæði og eignum félaga frá gjaldþrotaskiptum og það fjármagn verður ekki nýtt til uppbyggingar í þeim íþróttgreinum sem eru skuldlausar og standa við gerða samninga. Þessi sjálfataka á opinberu fjármagni kallar á hert eftirlit ÍSÍ héraðssambanda og íþróttabandalaga með fjármálum hreyfingarinnar og það hlýtur að vera skýlaus krafa þeirra sem standa við sínar skuldbindingar að styrkir hins opinbera fari ekki eingöngu til þeirra sem skulda mest.



Eins og hjálagt línurit ber með sér hafa tekjur sambandsins af samstarfs- og styrktarsamningum dregist saman að verulegu leyti undafarin ár. Tekið skal fram að síðasta ár er ekki með í þessum tölum en búast má við að línuritið yfir þróun styrktarsamninga hreyfist eitthvað upp á við þegar það gerist. Þá má líka gera ráð fyrir að breytt vinnubrögð við bókhald og reikningsskil hafi einhver áhrif á þessa niðurstöðu. Þróunin er þó samt sú að stöðugt er erfiðarar að efna til samstarf við fyrirtæki á hinum almenna markaði, en það þýðir einfaldlega að við verðum að herða okkur í þeim róðri.

Eins og kom fram á síðasta þingi keypti FRÍ útsendingarrétt fyrir Gullmót IAAF hér á landi fyrir árin 2001 og 2002. Mun FRÍ vera eina sambandið innan IAAF sem það hefur gert. Ákveðið var að framselja samninginn

RUV. Útsendingarrétturinn var keyptur til að tryggja útsendingar hér á landi og verður að segja að vel hafi til tekist því almenn ángæta hefur verið með útsendingar frá mótunum og áhorf mikið. Viðræður er nú í hafnar við RUV vegna útsendinga á Gullmótinum í sumar.


FRÍ gerði tímamótasamning við Vífilfell hf. vegna Aquarius drykkjarvara sl. haust. Þessi samningur felur í sér samstarf um móthald og útgáfu dagatals, sem kunnugt er. Útlit dagatalsins hefur vakið talsverða athygli og var sambandsaðilum gefinn kostur á að selja það í fjáröflunarskyni. Verður að segja að undirtektir hafa verið mjög góðar. Aquarius verður aðalstyrktaraðili unglingshóps FRÍ, jafnframt því að boðið verður upp á Aquarius drykkjarvörur á öllum mótum FRÍ. Ennfremur verður stefnt að samstarfi FRÍ og Vífilfells umframkvæmd götuhlauparaðar í nafni Aquarius.

Samið hefur verið við ÍT-ferðir um að ferðaskrifstofan skipuleggi allar utanlandsferðir á vegum sambandsins. Samningurinn felur í sér að FRÍ nýtur bestu kjara sem ferðaskrifstofan getur boðið upp á hverju sinni. Þá fær FRÍ afslátt háð umfangi viðskipta. Þennan afslátt geta sambandsðilar FRÍ nýtt sér, beini þeir viðskiptum sínum til ferðaskrifstofunnar. ÍT-ferðir taka jafnframt að sér að skipuleggja alþjóðlega fundi og ráðstefnur hér á landi á vegum FRÍ. Samningurinn gildir út árið 2004.

Keppnisnúmer á mótum sambandsins á síðasta ári voru seld Útilífi, en nú standa yfir viðræður við aðra aðila um þessi mál.

Þegar ljóst var að ekki var grundvöllur fyrir endurnýjun samnings við Kj. Kjartansson vegna búninga var leitað til allra helstu innflytjenda á þessu sviði hér á landi. Niðurstöðurnar urðu þær að samið var við Primo ehf. um búninga sem notaðir verða í fyrsta sinn í Evrópubíkarkeppninni í Tallinn í lok júní á þessu ári. Sá samningur gildir til ársloka 2004.

Þá hefur verið samið við skrifstofu ÍSÍ um að færa bókhald fyrir sambandið, en þessi ákvörðun er í samræmi við þá stefnu stjórnarinnar að einbeita kröftum okkar að frjálsíþróttamálum, en ekki rekstri skrifstofu.



Íþróttamót og stefna

Íþróttastefna FRÍ

Íþrótt- og afreksnefnd hafði frumkvæði að skipulagi og eftirliti með íþróttastefnu sambandsins. Skipaðir voru sérstakir sérgreinaþjálfarar sem hafa það hlutverk að vera landsliðsþjálfara til aðstoðar í æfingabúðum og til ráðgjafar og eftirlits. Nefndin gerði tillögur til stjórnar um skipan afrekshópa FRÍ og tillögur um lágmörk þar sem það átti við og var stjórn ráðgefandi um íþróttamál að öðru leyti. Í upphafi árs 2001 og 2002 voru valdir landsliðshópar FRÍ, tveir í grein að jafnaði. Markmiðið var að efla samstöðu og metnað innan hópsins og voru haldnir þrjár landsliðsfundir árið 2001.

Vésteinn Hafsteinsson landsliðsþjálfari er í hálfu starfi yfir vetrarmánuðina en fullu starfi yfir sumarmánuðina og Íþróttastefnan fylgir með í viðauka með skýrslunni.

Fjör í frjálsum

Unnið hefur verið í að koma Fjör í frjálsum í framkvæmd. Gert hefur verið samkomulag við Kára Jónsson frumkvöðul verkefnisins hér á landi og FRÍ, um að sambandið yfirtaki umsjón með því. Jafnframt verður skipuð sérstök umsjónarnefnd sem í eiga sæti: Kári Jónsson, verkefnisstjóri og fulltrúi frá stjórn FRÍ. Verkefni þessarar nefndar er að gera tillögur til stjórnar um framkvæmd og fjármögnun verkefnisins. Leitað hefur verið eftir samstarfi við UMFÍ um framkvæmd verkefnisins og hafa undirtektir verið jákvæðar.

Verkefnið var kynnt á vegum sambandsins í Laugardal á sl. ári í samstarfið við Landsbankann, auk þess sem verkefnisstjóri hefur verið með nokkrar kynningar t.d. í Vestmannaeyjum. Undirtektir hafa undantekningarlaust verið jákvæðar jafnt hjá börnunum sjálfum sem spreyta sig á æfingunum og hjá fyrirtækjum sem vilja tengjast því. Fjör í frjálsum eða „Fun in Athletics“ eins og það heitir á ensku hefur átt drjúgan þátt í vaxandi vinsældum frjálsíþróttar í Bretlandi og því eru bæði jákvæð fordæmi og reynsla kominn á þetta verkefni þar.

Smáþjóðaleikar

Sendir voru 11 keppendur á Smáþjóðaleikana í San Marino árið 2001, sem er mun færri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þeir keppendur sem tóku þátt stóðu sig mjög vel og unnu til 14 verðlauna, þar af sjö gullverðlaun.

Ljóst er að ef íslenska frjálsíþróttaliðið á að taka þátt í þessari keppni í framtíðinni verður að endurskoða kostnað við þátttökuna og reglur um val keppnisgreina.



Smáþjóðaleikarnir eru að mörgu leyti mög hentug keppni fyrir íslenskt frjálsíþróttafólk, en þetta er hinsvegar langdýrasta keppnin sem FRÍ tekur þátt í. Reglur um val keppnisgreina eru þannig úr garði gerðar að greinar geta fallið niður skömmu fyrir mót. Þetta sérlega bagalegt fyrir okkur, einkum þar sem tæknigreinar falla oft niður, vegna ónógrar þátttöku annarra smáþjóða.

Keppnin verður haldin á Möltu á næsta ári og er ÍSÍ að endurskoða reglur um kostnaðarskiptingu milli sín og sérsambandanna. Lækkun kostnaðar FRÍ hlýtur að vera ein af megin forsendum þess að frjálsíþróttafólk taki þátt í þessu móti af fullum krafti í framtíðinni.

Evrópubíkarkeppnin

Evrópubíkarkeppni landsliða fór fram á Kýpur á sl. ári. Árangur liðsins var góður og sýndi ákveðin framfaramerki. Stjórn FRÍ hefur sett sér markmiðið að keppnislið okkar komist upp um deild og stefnt er að því að halda þessa keppni hér á landi þegar íslenska liðið fer að velgja keppinautunum undir uggum vonandi á næstu árum.

Aðeins tveir einstaklingar voru sendir til þátttöku í Evrópubíkarkeppni í fjölbrotum, þau Vilborg Jóhannsdóttir og Jónas Hlyn Hallgrímsson, en þau hættu bæði keppni vegna meiðla o.fl. ástæðna.

Heimsmeistaramót

Jón Arnar Magnússon var eini keppandinn á HM innanhúss sem fram fór í Lissabon í mars 2001. Árangur hans var sérdeilis góður, en hann vann þar til silfurverðlauna með 6.233 stig. Óhætt er að segja að Jón hafi komið ýmsum á óvart með þessum árangri sínum.

Fjórir keppendur fóru til þátttöku á HM utanhúss sem haldið var í Edmonton í Kanada. Þórey Edda var í fararbroddi íslenskra keppenda, en hún náði 6. sæti í stöng kvenna með 4,45. m. Vala stökk aðeins 4,15 m sem er talsvert frá hennar besta árangri. Hástökkvarinn Einar Karl Hjartarson stökk 2,20 m, og komst ekki í úrslit, en þetta var hans fyrsta stórmót á alþjóðlegum vettvangi. Jón Arnar féll úr keppni í langstökki í tugþrautinni.

Evrópumeistaramót

Evrópumeistaramótið innanhúss árið 2002 fór að þessu sinni fram í Vínarborg og kepptu þau Vala í stangarstökki og Jón Arnar í sjöþraut. Jón lenti í fjórða sæti á eftir þeim sem eiga heimsmeitið, þeim sem varð heimsmeistari á HM í fyrra og Ólympíumeistararum frá því í Sydney. Vala komst ekki í úrslit. Vala varð í 9. sæti, stökk 4,30 m, og var hársbreidd frá því að komast í úrslit.

Evrópumeistaramót unglinga

Á EM 22 ára og yngri, sem haldið var í Amsterdam, voru sendir þrjú keppendur. Silja Úlfarsdóttir náði bestum árangri og varð í 10. sæti í 400 m hlaupi á tímanum 54,92 sek. Óðinn Björn Þorsteinsson komst ekki í úrslit í kringlukasti með árangur sinn 46,40 m. Einar Karl Hjartarson felldi byrjunarhæðina í hástökki.

Björgvin Víkingsson var eini íslenski þátttakandinn á EM 19 ára og yngri sem fram fór á Grosseto á Ítalíu, en hann hljóp í 400 m gr. á tímanum 54,08 sek. og komst ekki í úrslit.

HM 17 ára og yngri

Ásdís Hjálmsdóttir og Sigrún Fjeldsted Sveinsdóttir kepptu fyrir Íslands hönd á HM 17 ára og yngri sem fram fór í Debrechen í Ungverjalandi í júlí á sl. ári. Sigrún varð 18. með 44,22 m í spjótkesti en Ásdís kastaði 37,84 m í kringlukasti og 36,39 m í spjótkesti.

NM unglinga

Árangur okkar á þessu móti á sl. ári var með því besta sem gerst hefur, en alls unnu íþróttamenn okkar til fimm verðlauna. Þar af vann Silja Úlfarsdóttir tvær greinar. Þrettán keppendur tóku þátt í mótinu sem að þessu sinni var haldið í Lillehammer í Noregi.

NM í fjölþrautum fór fram í Gävle í Svíþjóð á sl. ári og fóru þrjú íslenskir þátttakendur þangað. Kristín Birna Ólafsdóttir setti meyjamet í sjöþraut með 4.905 stig, en bæði Jónas Hlynur Hallgrímsson og Ævar Örn Úlfarsson luku ekki keppni.



Ólympíudagar æskunnar

Sex keppendur voru sendir á Ólympíudaga æskunnar sem haldnir voru í Murcia á Spáni, en tveir til viðbótar náðu lágmörkum, en þeir voru sendir á HM unglinga í Ungverjalandi. Besta árangri náði Kristinn Torfason sem komst í úrslit í langstökki með 6,69 m.

Öldungaráð

Starfsemi öldungaráðs var með sama hætti á árinu 2001 eins og undanfarin ár. Á vegum ráðsins voru haldin tvö öldungamót utanhúss og eitt innanhúss. Þátttaka í þessum mótum var heldur minni en á mótum undanfarinna ára. Ástæða er til að reyna að efla áhugann og fá fleiri að æfa og taka þátt í mótum.

Á Norðurlandameistaramóti öldunga utanhúss, sem haldið var í Eskiltuna í Svíþjóð fóru 14 keppendur. Unnu þeir samtals til 27 verðlauna. Þar af voru átta norðurlandameistararitlar.

Unnur Sigurðardóttir var valinn Frjálsíþróttakona FRÍ 2001 í öldungaflokki, fyrir frábæran árangur á NM öldunga í Eskiltuna. Jón H. Magnússon var valinn Frjálsíþróttakarlflokkur FRÍ 2001 í öldungaflokki, fyrir mjög góða frammistöðu á mótum bæði innanlands og utan.

Áætlað er að ráðið starfi með svipuðum hætti á árinu 2002 eins og undanfarin ár.

Stigamót FRÍ

Stigamót FRÍ voru endurvakin á sl. ári og verður að segjast að vel hafi til tekist. Nokkrar keppnisgreinar voru sett inn í mót á vegum sambandsaðila, auk lokamótsins sem skrifstofa FRÍ gekkst fyrir. Í boði fyrir sigurvegara voru hófleg verðlaun í formi búningaúttekta og gjafa. Fyrirkomulag stigamótanna á þessu ári hefur verið ákveðið þannig:

- Mótin verði sex, þar meðtalið MÍ aðalhluti og eitt lokamót.
- Sama stigagjöf og á síðasta ári, öll mót gilda til stiga, lokamótið gildir tvöfalt.
- Greinar:
 - Karlar: 200/400, 1500/3000, þristökk, spjótkast.
 - Konur: 100/200, 800/1.500, hástökk, kúluvarp.

Tækni- og aðstöðumál

Framkvæmd móta

Mótahald innanlands var með hefðbundnu sniði og greindu skýrslur eftirlitsmanna frá sömu eða svipuðum vandamálum við framkvæmd móta og fyrri ár. Misjafnt var hvernig til tókst og voru sem endranær helstu vandamál vegna of fárra starfsmanna og að ekki var hægt að halda tímaseðil. Þó ber að geta þess að þessi vandamál voru ekki nema í fáum tilfellum stórvægileg.

Ef greina ætti frá hvar best tókst til utanhúss þá er það án efa á mótum, sem haldin voru af Breiðabliki á Kópavogsvelli. Margt má nefna þeim til ágætis: Völlurinn leggur til nokkurn fjölda áhugasamra starfsmanna auk þeirra sem vinna við dómgæslu á vegum mótshaldara, umhverfi og stærð hentar vel fyrir frjálsíþróttakeppni, stjórn móta er með ágætum og áhöld og tæki að jafnaði í góðu lagi. Sérstaklega var Bikarkeppni FRÍ 2001 á Kópavogsvelli vel heppnað mót og reyndar sjónvarpað beint seinni dag og voru samskiptin við Sjónvarpið mjög góð. Aðrir keppnisvellir koma ekki eins vel út, ýmist vegna aðstöðu eða slakrar þjónustu rekstraraðila íþróttavallanna. Ekki er hægt að neita því að samskipti frjálsíþróttafólks við vallarstjórn Laugardalsvallar hafa ekki verið upp á það besta og þar er starfsmannþjónusta í lágmarki. Hver veit nema þetta eigi eftir að lagast, a.m.k. er alltaf hægt að vona. Aðrir vellir hafa einhverja annmarka og mótsstjórn hefur stundum ekki verið nægilega styrk. Það ræðst kannski af því að umgjörðin er óformleg og umbun starfsmanna af skornum skammti. Fyrir vikið er aðgengi óviðkomandi inn á keppnisvæði víða enn of auðvelt og sums staðar getur það skapað hættu. Þá er það nokkuð áhyggjuefni að minnkað hefur aðsókn að dómaramámskeiðum og fyrir vikið er ekki örgrannt um að nýlegar breytingar á reglum hafi ekki skilað sér inn í dómgæsluna.

Innanhússmótin hafa verið svipuð og undanfarin ár og helgast það fyrst og fremst af því að aðstaða til keppni er hvergi lögleg ef miðað er við alþjóðakröfur. Eini staðurinn til 60 m spretthlaupa og grindahlaupa, sem hér er í boði, Baldurshagi, er mörgum annmörkum háður og ekki ástæða til að fjölyrða um hér. Þar er og aðgengi áhorfenda allt of greitt og hefur áhrif á framkvæmd keppinnar og skapar á stundum hættuástand. Samskipti frjálsíþróttafólks við stjórnendur aðstöðunnar í Baldurshaga hafa lengst af verið stíð en úr rættist þó upp úr síðustu áramótum og er von til að sú breyting sé til frambúðar. Í Laugardalshöllinni og reyndar öðrum íþróttahúsum hér á landi er aðstaðan yfirleitt fremur bágborin, enda ekkert íþróttahús á Íslandi byggt með þarfir frjálsíþróttakeppni í huga.

Atrenubrautir fyrir stangarstökk eru of stuttar m.v. alþjóðakröfur, og dýnur fyrir hástökk eru víða ófullnægjandi og aðstaða til hringhlaupa er beinlínis hlægileg. Við þessu er lítið að gera og lagast ekki fyrr en ný frjálsíþrótt- og sýningarhöll verður byggð.

Að frágengnum húsnæðisskortri fyrir frjálsíþróttir inni má nefna nokkur atriði, sem minnst var á og gagnrýnt í skýrslum eftirlitsaðila með mótum FRÍ á undanförunum misserum:



- Undir hælinn var lagt hvort keppendur bæru númer í keppni. Þá var mörgum keppendum ósýnt um að vera í búningi þess félags, sem þeir kepptu fyrir. Þetta hefur þó farið batnandi með árunum.
- Ekki var nærri alltaf sem tímaseðli var fylgt og oft var það að mótslok drægjust verulega. Sjaldnast var ranglega gerðum tímaseðli um að kenna, miklu fremur að framvæmd móts væri losaraleg.
- Of oft kom fyrir bilun í sjálfvirkri tímatöku eða að tímataka fór ekki af stað við ræsingu. Þá skorti á að handtímataka og/eða markdómgæsla væri til staðar í þeim tilvikum að sjálfvirk tímataka misförst.
- Stundum skorti tæki og áhöld á mót, málbönd, flögg og kastáhöld. Þá var skoðun áhalda með ýmsu móti og eins og margir treysti sér ekki til að taka út kastáhöld.
- Almenn virtust mótshaldarar seint á ferð með undirbúning og í sumum tilfellum var ekki einu sinni vitað hverjir myndu verða helstu starfsmenn mótanna. Ef halda skal alþjóðleg mót hér á landi verður undirbúningur að vera miklu fyrr á ferð eins og Norðurlandameistaramót unglinga í Borgarnesi í ágúst 2000 sannaði.

Þótt ýmislegt sé við mótahald í frjálsíþróttum hér á landi að athuga þá hefur frekar þokast í áttina, en betur má ef duga skal.

Dómaramál

Dómaramálin og mótahald þarfnast endurskipulagningar hér á landi. Fyrir um hálfum öðrum áratug má segja að átak hafi verið hafið í að bæta úr dómaramálum á landinu. Þar hefur Birgir Guðjónsson gengið fremstur í flokki og hefur ekki allaf verið óumdeildur í störfum sínum. En það sem óumdeilt er forgöngustarf hans og elja til að gera bætur á störfum dómara. Nú er þörf á að stíga næstu skref og fyrir þinginu liggja hugmyndir um endurskoðun flokkun dómara hér á landi og tillaga um að sækja þurfi um til FRÍ til að halda mót.

Fyrir þinginu liggur tillaga um flokkun dómara í frjálsíþróttum. Það er nauðsynlegt að á hverju móti sé a.m.k. einn dómari með full landsdómararéttindi til staðar. Hins vegar til að fæla starfsfólk og dómara ekki frá störfum að mótahaldi getur verið nauðsynlegt að efla almenna þekkingu þess, þó að ekki séu gerðar kröfur um full dómararéttindi.

Hugmyndin að baki umsóknum um móthald, er bæði til að gefa FRÍ betri sýn yfir mót sem haldin eru hér á landi og til að veita mótshöldurum aðhald. Nauðsynlegt er, íþróttamannana vegna, að mótahald sé í góðu lagi, löglegar aðstæður, nægur fjöldi dómara og annarra starfsmanna o.s.frv. Stefnt er að því að bjóða upp á sérstök námskeið fyrir mótshaldara um nauðsynlegustu atriði mótahalds, s.s. auglýsingu, framkvæmd, uppsetningu á tímaseðli, kynningu, skráningu og tilkynningu afreka svo dæmi séu tekin. Reynsla eftirlitsmanna undanfarin ár mun m.a. verða nýtt til undirbúnings þessum námskeiðum með öðru efni.

Dómaranámskeið

Á starfstímabilinu voru haldin fimm námskeið, þar af eitt árið 2000 sem haldið var í Borgarnesi. Alls sóttu 33 einstaklingar dómaranámskeið á árinu 2001 sem haldin voru á Egilsstöðum, Reykjavík, Kópavogi og Varmahlíð. Leiðbeinandi á fjórum þessara námskeiða var Birgir Guðjónsson, en Þorsteinn Þorsteinsson á einu þeirra.

Lyfjamál

Alls voru 22 íslenskir frjálsíþróttmenn teknir í lyfjapróf hérlendis á sl. ári, þar af 14 utan keppni, og reyndist ekkert prófana jákvætt, sem er hins vegar mjög jákvætt. Sama gildir um þau þrjú sem tekin hafa verið í lyfjapróf erlendis, að ekkert þeirra reyndist jákvætt.

Breytingar standa fyrir dyrum á lyfjamálum ÍSÍ. Skv. þeim breytingum sem liggja fyrir þarf FRÍ að taka afstöðu til þess hvort lið í bikarkeppni FRÍ, svo dæmi sé tekið, missi öll sín stig ef einstaklingur úr liðinu reynist hafa tekið ólögleg lyf, eða eingöngu þau stig sem hlutaðeigandi keppandi vann sér inn. Þetta mál þarf að skoðast í ljósi reglnasem gilda um þessi mál á alþjóðlegum vettvangi, en engin ákvæði er aðfinna um þessi mál í reglum EAA um Evrópubikarkeppni eða í reglum IAAF.

Aðstöðumál

Aðstöðumálin eru eitt af stóru málum frjálsíþróttahreyfingarinnar og því var mikið fagnaðarefni að nýr fullkominn völlur með gerviefni skyldi vera tekinn í notkun á Egilsstöðum sl. vor. Sérstaklega er þetta ánægjulegt þar sem þessi völlur er sá fyrsti sem er fyrir utan suðvesturhorn landsins. Landsmót á Vestfjörðum, Sauðárkróki eða á Húsavík myndi væntanlega hafa það í för með sér að gerður yrði fullkominn völlur á þeim stað sem mótið yrði haldið. UMFÍ mun bráðlega taka ákvörðun um hvar mótið verður haldið og liggur mikið við að haldið verði áfram uppbyggingu aðstöðu í tengslum við Landsmótshald. Ríkisvaldið hefur styrkt þau sveitarfélög rausnarlega sem haldið hafa þessi mót að undanfögnu og er nauðsynlegt að framhald verði á þessum styrkveitingum. Fari svo að Landsmótið verði haldið t.d. í Kópavogi eða í Reykjavík er ljóst að ríkisstyrkurinn fellur niður eða lækkar allverulega. Því þarf að hefja baráttuna á ný fyrir stuðningi ríkisvaldisins við uppbyggingu valla fyrir Landsmótið árið 2007.

Gerð var á vegum FRÍ könnun á aðstöðu innan hreyfingarinnar. Sendir voru spurningalistar til allra sambandsaðila og frjálsíþróttadeilda í október sl. og bárust svör frá vel felstum aðilum. Könnunin náði til innan- og utanhússaðstöðu, þátttöku á æfingum og æfingagjöldum sem og framtíðarhorfum. Niðurstöður varðandi aðstöðu komu fáum á óvart en hún óviðunandi utan Suðvesturhorns landsis og Austur-Héraðs. Sjaldnast virðist gert ráð fyrir frjálsíþróttæfingum í íþróttahúsum landsins. Þá kom fram í könnuninni að æfingagjöld eru víðast í lægri kantinum og duga sjaldnast fyrir rekstri deildanna, en gjöldin eru allt frá því að vera engin í kr. 7.500 á mánuði. Að jafnaði eru um 40 manns um hvern þjálfara.

Miklar breytingar eru í uppsiglingu í innanhússaðstöðumálum hreyfingarinnar. Æfinga- og keppnissaðstaða fyrir frjálsíþróttir verður í nýju yfirbyggðu húsi í Kópavogi og mun sú aðstaða verða tekin í notkun í næsta mánuði. Aðstaða verður til æfinga og keppni í nýju húsi sem er í byggingu á Akureyri og verður það tilbúið nú í desember á þessu ári. Þá hefur verið samþykkt að hefja framkvæmdir við við frjálsíþrótt- og sýningarhús við hlið Laugardalshallar. Í því húsi verður lögleg keppnisaðstaða í frjálsíþróttum innanhúss, þ.m.t. 200 m hringbraut og aðstaða fyrir allar aðrar keppnisgreinar innanhúss, lyftingaraðstaða o.fl. Miðað er við að framkvæmdir hefjist haustið 2002, má gera ráð fyrir að húsið verði komið í notkun veturinn 2003-2004. Þegar þetta hús verður tekið í notkun mun það umbreyta aðstöðu til æfinga og keppni hé á landi í frjálsíþróttum. Ekki er óeðlilegt að ætla að frjálsíþróttahreyfingin komi að rekstri þess húss, rétt eins og að knattspyrnuhreyfingin sér um rekstur Laugardalsvallar. Loks er gert ráð fyrir aðstöðu til frjálsíþróttæfinga í hinu nýja húsi sem er verið að reisa í Grafarvogi. Fullur vilji er hjá byggingaraðilum og eigendum hússins að nýta þá aðstöðu. Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa hins vegar ekki gefið grænt ljós á að styrkja félögin fyrir notkun á þessari aðstöðu, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir.

Frjálsíþróttir eru ekki síður að verða innanhússkeppnisgrein en utanhússgrein. Sést það best á þátttöku á innanhússmótum víða erlendis. Möguleikar okkar eru ekki síðri innanhúss en utanhúss bæði fyrir keppendur og áhorfendur. Hin nýja aðstaða sem í uppsiglingu er, mun líka gjörbylta möguleikum fyrir áhugasamt fólk til líkamræktar yfir vetrartímann og skapa ný sóknarfæri fyrir þá sem hættir eru keppni að halda áfram að keppa, eða taka fram skóna eða kastáhöldin fram á ný og taka upp æfingar og keppni við bestu aðstæður. Tilkoma þessarar aðstöðu mun því ekki aðeins gjörbreyta möguleikum til æfinga og keppni í frjálsíþróttum, heldur skapa ný tækifæri fyrir almenning að stunda líkamsrækt og keppni.

Erfið sambúð við yfirvöld Laugardalsvallar hafa óneitanlega sett leiðinlegan svip á framkvæmd móta í Laugardal. Virðist því miður viðhorf vallaryfirvalda vera neikvætt í garð íþróttarinnar. Varð t.d. að fella niður keppni í spjótkesti kvenna í mótarið FRÍ vegna þess að nákvæmlega á þeim tíma sem mótið átti að fara fram þurfti að grípa til sérstakra aðgerða til að



hlífa vellinum, en önnur aðstaða ekki boðleg í borginni. Í öðru tilfalli var vinnuvél að störfum á vellinum eftir að keppni hófst á einu móti sl. sumar. Þá hefur viðhald kastsvæðisins í Laugardal verið gjörsamlega óviðunandi hingað til. Aðstaður eru þannig að aðrar íþróttgreinar myndu vart láta bjóða sér þetta. Ástæða er þó til smá bjartsýni, þar sem vallaryfirvöld tóku jákvætt í ýmsar ábendingar FRÍ um lagfæringar á Baldurshaga og til stendur að gera lagfæringar á kastsvæðinu.

Umsjón frjálsíþróttavalla í Laugardal er í höndum þriggja aðila og geta mótshaldarar þurft að leita til þeirra allra um að fá aðstöðu fyrir mót. Sjálfur aðalleikvangurinn er í umsjón KSÍ, eins og kunnugt er, kastsvæðið í umsjón borgarinnar og gamli Valbjarnarvöllur í umsjón Knattspyrnufélagsins Þróttar.

Stjórn FRÍ hefur í verið í nánu samstarfi við við forsvarsmenn Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur við vinnu að úrbótum í þessum hagsmunamálum hreyfingarinnar, en í höfuðborginni er aðeins einn frjálsíþróttavöllur, en vel á fjórða tug löglegra knattspyrnavalla í borginni, svo dæmi sé tekið til samanburðar. Úr þessu ástandi er brýnt að bæta.

Keppnisreglur og staðfesting Íslandsmeta.

Nokkrar breytingar voru gerðar á keppnisreglum á þingi IAAF sem haldið var í Edmonton á sl. ári. Þessum breytingum er gerð ítarleg skil í *Viðauka 4* með þessari skýrslu og þær er að sjálfsögðu að finna í nýjustu útgáfu af Leikreglum IAAF sem Birgir Guðjónsson hefur þýtt sem og í „*Handbook IAAF 2002-2003*“.

Á þessu þingi eru lagðar til breytingar á þessu fyrirkomulagi og mótshöldurum gert framvegis að skila inn umsókn um met samhliða skilum á mótaskýrslum. Jafnframt verða mótshaldarar upplýstir um réttindi og skyldur sem þeir takast á hendur með mótahaldi. Þessar tillögur eru lagðar fram í þeirri stöðugu viðleitni að bæta mótahald hérlendis, en markmiðið er að gera það aðlagandi fyrir íþróttamenn, áhorfendur og fjölmiðla.

Skv. lögum FRÍ ber sambandsaðilum að sækja um staðfestingu Íslandsmeta. Undanfarin ár hefur engin umsókn borist til stjórnarinnar. Hins vegar tók stjórnin þá ákvörðun um að staðfesta skráð met sett á árunum 2000 og 2001 og fylgir listi yfir met sett á þessum árum með skýrslu þessari. Alls voru 72 met sett á árinu 2000 og 78 met í öllum flokkum árið 2001.

Innlend samskipti

Samskipti FRÍ og ÍSÍ hafa verið mikil og góð á starfstímabilinu. Fulltrúar FRÍ hafa sótt formannafundi ÍSÍ sem eru tveir á hverju ári að jafnaði. Þá er stefnt að endurskoðun á fjárhaglegum forsendum þátttöku í Smáþjóðaleikunum, en kostnaður á þátttakanda hefur verið langhæstur af öllum þeim mótum sem FRÍ tekur þátt í á erlendum vettvangi.

Viðræður standa á milli FRÍ og UMFÍ um samstarf í útbreiðslumálum og eru tillögur þær sem liggja fyrir þinginu eru grundvöllur framlags FRÍ til samstarfsins. Línur munu væntanlega skýrast varðandi þetta samstarf þegar upplýsinga- og fræðslufullttúi UMFÍ hefur hafið störf.

Tengsl við sambandsaðila FRÍ hafa verið góð á tímabilinu. Eftir að fulltrúaráðsfundir voru felldir niður og þing FRÍ fært til vors annað hvert ár, var ákveðið að halda mótaþing á hverju hausti. Var fyrsta mótaþingið haldið 17. nóvember sl. og tókst það með ágætum þó þátttakan væri í minna lagi. Þá voru haldnir fundir um íþróttamál og þjálfaramál sl. haust.

Með tilkomu nýrrar heimasíðu FRÍ skapast auknir möguleikar á betri samskiptum við sambandið. Ætlunin er að koma fyrir „spjallrás“ þar sem áhugasamir einstaklingar geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og haldið uppi skoðanaskiptum. Þessi möguleiki bætist við þá möguleika sem fyrir hendi eru í dag, þ.e. venjulega fundi, bréf og tölvupóst. Þá er stefnt að því að skráning keppenda á mót og úrslita fari í gegnum heimasíðuna, og því mun afrekaskráin verða unnin jafnóðum eða því sem næst.

Skrifstofa FRÍ er í reglulegu sambandi við sambandsaðila og þjálfara innan hreyfingarinnar. Vésteinn Hafsteinsson landsliðsþjálfari er í mjög miklum og góðum samskiptum við úrvalshópa sambandsins, bæði með tölvupósti og fundum. Dæmi eru daglegar sendingar milli Vésteins og einstakra íþróttamanna. Þá hefur Vésteinn lagt mikið upp úr fundum með úrvalshópunum, námskeiðum og einstaklingsfundum. Þessi samskipti eru öllum mikilvæg, íþróttafólkinu og þjálfurum þeirra og félögum, landsliðsþjálfara og stjórn FRÍ.

Erlend samskipti

Þing IAAF

Formaður og Birgir Guðjónsson sóttu þing IAAF sem haldið var í Edmonton í Kanada rétt fyrir Heimsmeistaramótið. Fjöldi

breytinga voru samþykktar á keppnisreglum og eru þeim gerð skil í viðauka sem fylgir þessari skýrslu og voru kynntar á fundi með sambandsaðilum sl. haust. Meðal breytinga er að frá og með 1. jan. nk. verður keppt í tugbraut kvenna og aðeins leyft eitt þjófstart í hverju hlaupi.

Lamine Diack frá Senegal, sem tók við formennsku þegar Primo

Nebiolo lést haustið 1999, var kjörinn formaður út kjörtímabilið, eða fram í ágúst 2003. Samþykkt var á þinginu að framkvæmdastjóri sambandsins ætti ekki jafnframt sæti í stjórninni og því var kosið um tvö sæti sem losnuðu, þ.e. við fráfall Nebiolo og afsagnar Istvan Gyulay framkvæmdastjóra úr stjórn. Í stað þeirra voru kjörnir Úkraníumaðurinn og heimsmethafinn í stangarstökki Sergei Bubka og Gianni Gola en hann er jafnframt formaður ítalska sambandsins.



Þing EAA

Á þingi EAA, sem haldið var í Moskvu sl. haust, voru gerðar nokkrar laga- og tæknibreytingar. Mest rædda og umdeildasta breytingin var að flytja þingtímann fram til vors og halda það aðeins annað hvert ár, þ.e. 3-4 mánuðum fyrir þing IAAF. Næsta þing EAA verður því væntanlega haldið í apríl árið 2003. Þetta var gert aðallega til að hægt væri að nota þingið til undirbúings fyrir komandi þing IAAF. Einnig er ýmsum farið að finnast Mótþingið ekki þjóna sama tilgangi og það gerði á árum áður. Í tengslum við Mótþingið hefur fjöldi funda verið haldinn og þingið orðið erfitt í framkvæmd vegna fjölda gesta. Þá hefur farið fyrir brjóstið á sumum, hin miklu umsvif IAAF, á þingi sem lengst af var eingöngu skipulagt var á vegum EAA og sótt af Evrópufulltrúum.

Samþykkt var að Vetrarkastkeppnin (Winter Throwing Challenge) yrði framvegis hluti af mótaskrá sambandsins og að taka upp keppni í fjallahlaupum. Þá var ákveðið að heimila hverri þjóð að senda þrjá keppendur í grein á EM 22 ára og yngri. Ákveðið var að taka upp skráningu meta 22 ára og yngri. Þessi tillaga mætti þó mikilli andstöðu þar sem ljóst er að eldri árangrar, sem ekki voru met á sínum tíma, verða skráð sem slík, þó svo að viðeigandi ráðstafanir hafi ekki verið gerðar á sínum tíma til að skrá árangurinn sem met. Hér er átt við lyfjapróf o.fl. atriði sem ekki er víska fyrir því að hafi verið framkvæmt þegar árangur náðist.

Ákveðið var að taka upp samstarf við Alþjóðlega fjallahlaupsamandið (World Mountain Running Association eða WMRA) um framkvæmd og skipulagningu Evrópumeistaramóts í fjallahlaupum frá og með 2002.

Á stjórnarfundum sem haldinn var í tengslum við þingið, var formaður FRÍ skipaður í nefnd til að fara yfir umsóknir um þróunarstyrki sambandsins, ásamt Toralf Nilsson, Agoston Schulek varaformanni EAA og Janez Aljancic sem jafnframt er formaður Þróunarnefndar EAA. Skv. ákvörðun stjórnar EAA verða um 15. m.kr. verða veittar í þróunarverkefni árlega næstu fjögur árin. Ákveðið hefur verið að setja á stofn nefnd á vegum EAA sem skoði framkvæmd lyfjæftirlits á mótum í Evrópu, en nokkur dæmi eru um ófullnægjandi framkvæmd lyfjæftirlits á alþjóðlegum mótum.

Fjárhagsstaða EAA hefur farið batnandi og talsverður afgangur verið af rekstri sambandsins. Skýringin er helst sú að mikils aðhalds hefur verið gætt í rekstri og að nýlega voru gerðir nýjrir auglýsinga- og styrktarsamningar sem bæta stöðu EAA verulega. Sambandið á nú um CHF 9,4 milljónir (um 157 m.kr.) í verðbréfum og sjóðum, en heildarvelta þess var um CHF 7,8 milljónir (um 130 m.kr.) á árinu 1999.

Norrænt samstarf

Samstarf við önnur Norðurlönd var með hefðbundnu sniði undanfarin ár. Skipst er á upplýsingum um starfið og aðgerðir. Norðurlöndin hafa leitað við að standa saman á alþjóðlegum vettvangi og studdi FRÍ opinberlega umsókn Svía um að halda EM árið 2006.

Norrænt samstarf í frjálsíþróttum er margvíslegt og öflugt. Eins og kunnugt er eru haldnir árlega fundir formanna, framkvæmdastjóra norrænu samabandanna þ.e. „Nordic Congress“, fundir framkvæmdastjóra sambandanna, þjálfara, unglíngaleiðtoga og síðan er norræn tækninefnd að störfum. Á þessum fundum eru teknar ákvarðanir um samnorræn mót, skipst á skoðunum og stilltir saman strengir fyrir alþjóðlega fundi.

Svíar eru mjög ánægðir með frammistöðu sína á vellinum í ár og utan vallar. EM 2006 verður haldið í Gautaborg, skv. ákvörðun stjórnar EAA í byrjun okt. sl. Fjárhagsstaða norska sambandsins er mjög slæm um þessar mundir. Í ofanálæg hættu nær allir bestu frjálsíþróttamenn norðmanna keppni árið 2000. Stjórnskipulag danska sambandsins er enn í endurskoðun og útlit fyrir breytingar þar. Finnsla samandið eru á góðu róli. Lottótekjur Dana og Norðmanna hafa farið minnkandi undanfarin misseri svo örfá dæmi séu tekin úr skýrsum þessara aðila á síðasta norræna þinginu.

Fyrir þinginu liggur tillaga um samræmingu á skiptingu í aldursflokka við önnur Norðurlönd og það sem er að gerast almennt í heiminum. Eftirfarandi eru helstu atriði varðandi norrænu mótin á næsta ári:

- Ákveðið var að fresta NM 22 ára og yngri um 2 ár. Þessi ósk kom frá Norðmönnum vegna bágrar fjárhagsstöðu þeirra. Þeir settu reyndar fram þá hugmynd að halda mótin á sama tíma og á sama stað. Ljóst er að Danir munu eiga í erfiðleikum að manna lið á móti Íslandi.
- Aldursskipting (þyngdir áhalda og hæðir grinda) verður óbreytt árið 2002, en breytingar taka gildi árið 2003.
- NM 20 ára og yngri verður haldið í Eskiltuna í Svíþjóð helgina 10. og 11. ágúst júlí árið 2002.
- Nordic 10.000 m Challenge. Taka þarf afstöðu til þess hvort þetta mót verði á Íslandi 2004.
- Í skoðun er tillaga frá Íslandi um norrænt innanhúsmót.

Vegna minnkandi þátttöku á norska meistaramótinu er norska sambandið að hugleiða að leggja af lágmark á mótið. Svíar lögðu af lágmark á SM árið 1975.

Umsókn barst frá framkvæmdaaðilum St. Olavsloppet, milli Östersunds í Svíþjóð og Þrándheims í Noregi, um að kalla Norðurlandameistaramót í götuboðhlaupi. Svíum var falið að skoða málið betur, en samþykkt var að veita þeim ekki leyfi til að kalla þetta Norrænt meistaramót að sinni a.m.k.

Að samkomulagi varð um að Danir myndu sækja um Evrópubikar 2. deild árið 2002 og Íslendingar ári seinna. Dönum var ekki úhlutað mótið á næsta ári og þeir vilja endurnýja umsókn sína fyrir árið 2003. Því mun umsókn okkar bíða um a.m.k. eitt ár.

Norræna tækninefndin var skipuð óbreytt fram yfir næsta tækniþing IAAF, þ.e. fram að Norræna þinginu árið 2005. Þorsteinn Þorsteinsson er fulltrúi Íslands í nefndinni. Ákveðið var að fresta norrænu unglíngaráðstefnunni um eitt ár, að minnsta kosti. Að mati fundarmanna þurfa unglíngaleiðtogar að koma með tilefni og dagskrá fyrir næstu unglíngaráðstefnu. Fundur frjálsíþróttathjálfara verður á Íslandi næsta haust. Rætt var um að tengja þessa fundi við HMi og EMI í framtíðinni. Þá verður norrænn tæknifundur haldinn á Íslandi næsta haust.

Frjálsíþróttasamband evrópskra smáþjóða (AASSE)

Á þingi Frjálsíþróttasamtaka Evrópskra Smáþjóða (Athletic Association of Small States of Europe) í Moskvu 2001 var Jónas Egilsson, formaður FRÍ endurkjörinn formaður sambandsins til tveggja ára. Sem formaður AASSE á Jónas sæti í Þróunarnefnd EAA. Monaco gekk til liðs við samtökin að nýju á þinginu eftir nokkurra ára fjarveru.

Fundurinn samþykkti ályktun þar sem lögð var áhersla á að frjálsíþróttir skipuðu sem veglegastan sess á Smáþjóðaleikunum í framtíðinni. Samþykkt var að senda þessa ályktun til hlutaðeigandi Ólympíunefnda og íþróttasambanda.

Ýmsum finnst að Ólympíunefndir sínar setji sérsamböndunum full þröngar skorður og séu með of mikil afskipti af starfsemi þeirra. Dæmi er um að Ólympíunefndir vilji velja einstaklinga og þjálfara

sem fara til keppni. Einnig eru dæmi um að settar séu of stífar kröfur um árangur keppenda á mótinu, helst verðlaunasæti. Mikil óánægja er með reglur sem gilda um ákvörðun keppnisgreina og tímsetningar á vali keppenda. Áhersla var lögð, af öðrum þjóðum, á öfluga þátttöku frjálsíþróttaliðs Íslands á mótinu, að öðrum kosti væri hætt á að mótið lognaðist út af.

Gestir fundarins voru Hansjörg Wirz formaður og Karel Pliny gjaldkeri EAA. Rædd voru nokkur mál við þá, þ.m.t. þróunarstyrkir til AASSE og meðlimasambanda, afstaða Ólympíunefnda við val á íþróttamönnum til keppni á Smáþjóðaleikum o.fl.

Markmið með þessu samstarfi er að efla áhrif smáþjóðanna á vettvangi EAA, gera tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi frjálsíþróttakeppni á Smáþjóðaleikunum og leita leiða til að efla frjálsíþróttir meðal þessara þjóða, m.a. með stuðningi EAA.

Fræðslu- og útbreiðslumál

Heimasíða FRÍ er í gagngerri endurskoðun og er stefnt að hún birist nú í vor. Auk hefðbundins efnis verður spjallrás fyrir alla sem hug hafa. Þá verður gagnagrunnur sem Friðrik Þór Óskarsson hefur unnið settur á netið og þjálfurum gert kleift að skrá þátttakendur til keppni í gegnum heimasíðu sambandsins. Síðan myndu úrslit verða skráð beint inn á heimasíðuna með augljósum ávinningi fyrir alla.

Fyrir þinginu liggja hugmyndir um útbreiðslu- og fræðslumál. Þessar tillögur lúta að dómaramálum, fræðslu þjálfara, umræðu og baráttu fyrir bættri aðstöðu, aukinnar leiðtogafræðslu og útbreiðslu Fjörs í frjálsum. Leitað hefur verið eftir samstarfi við UMFÍ um kynningu og útbreiðslu á *Fjöri í frjálsum* og um að UMFÍ skipuleggi leiðtoganámskeið í samstarfi og samvinnu við útbreiðslustarfsemi FRÍ.

Fræðslumál


Sótt var um styrk í Ólympíusamhjalparinnar í fyrra til að fá erlandan þjálfara til landsins og halda námskeið. Kannað hefur verið og leitað til nokkurra en þegar á reyndi reyndust þeir vera „of dýrir“. Verið er að kanna fleiri möguleika og vonandi tekst á næstu misserum að fá til landsins sérfræðing fyrir viðunandi verð. Sótt hefur verið líka um styrk til EAA til að efla námskeiðahald hér á landi og senda þjálfara á fundi og ráðstefnur erlendis.

Jón Sævar Þórðarsson var leiðbeinandi á 1A námskeiði sem haldið var á Egilsstöðum í sept. sl. Auglýst var *Þjálfaranámskeið 1A* um miðjan janúar sl., en ekki skráu sig nægilega margir þátttakendur til að það námskeið væri haldið. Námskeið var síðan haldið helgina 15-17. febrúar sl. Unnið hefur verið áfram í því að skilgreina sérgreinahluta FRÍ í nýju fræðslukerfi ÍSÍ.

Á vegum FRÍ verður haldið norræn ráðstefna um þjálfaramál. Ráðstefnan er liður norrænu samstarfi í þessum málaflokki.

Þróun fjölda iðkenda

Fjöldi skráðra iðkenda í frjálsíþróttum hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár á meðan iðkendum í öðrum skráðum íþróttagreinum hefur farið fjölgandi, að minnsta kosti samanlagt. Heildarfjöldi karla í frjálsíþróttum, 16 ára og eldri, hefur farið nokkuð jafnt minnkandi undanfarin ár, en flestir voru þeir um 3.000 árið 1995 á tímabilinu sem athugað var eða frá 1994 til 2000. Konur voru einnig flestar það árið eða



um 2.800, og hefur fækkað nokkuð líka síðan þá en hlutfallslega minna en körlum. Jákvaðu fréttirnar eru að iðkendum fer fjölgandi í aldurshópum 15 ára og yngri á tímabilinu bæði hjá konum um 3% og körlum um 2%.

Það er e.t.v. ekki til einhlít skýring á þessum breytingum frá 1995. Eigi að síður gefa þessar tölur ákveðna vísbendingu sem vert er að gefa gaum að.

Ekki er síður mikilvægt að skoða hlutfall frjálsíþróttaiðkenda af skráðum iðkendum innan ÍSÍ hefur því farið lakkandi, sbr. töfluna hér að neðan. Þar er þróunin afdráttarlaus. Hlutfall frjálsíþróttar af heildarfjölda iðkenda á landsvísu, fer minnkandi. E.t.v. má segja að þessi þróun sé ekki ódeðlilegt í ljósandi aukins fjölda íþróttagreina og afþreyingar sem í boði er nú í samanburði við það sem var fyrir 20 eða jafnvel 50 árum.

Hinar svonefndu hefðbundnu íþróttagreinar, þ.m.t. frjálsíþróttir, eiga nokkuð í vök að verjast gagnvart „nýjum“ greinum eins og hjóla- og skíðabrettum. Sem dæmi, þá var meira áhorf á hina svokölluðu „Extreme-Games“ í Bandaríkjunum en Olympíuleikana í Sydney. Ljóst er því að frjálsíþróttir þurfa að þróast og breytast með tímanum og greinin þarf líka að vera aðlagandi fyrir ungt fólk í framtíðinni.


Líklegt verður að telja að breytingar í byggðamálum hér á landi munu hafa áhrif á þróun frjálsíþróttar hér á landi. Íþróttin hefur gegnum tíðina verið mjög öflug á landsbyggðinni, m.a. vegna mikillar áherslu UMFÍ á frjálsíþróttir gegnum tíðina, en fækkun íbúa á landsbyggðinni mun að nokkru leyti mark setja mark sitt á þróunina. Nokkur svæði eru mjög sterk og eru Árnes- og Rangárvallasýslur með öflugt unglingsstarf. Starfið í Skagafirði er kraftmikið, en hins vegar eru önnur svæði ekki eins sterk eins og þau þyrftu að vera.

Staða íþróttarinnar á höfuðborgarsvæðinu er nokkuð sterk og hefur jafnvel verið að styrkjast undanfarið, en fimm frjálsíþróttadeildir eru starfandi á svæðinu og keppa þrjár þeirra í 1. deild bikarkeppninnar. Íþróttin á í vök að verjast í höfuðborginni og er nauðsynlegt að skoða það mál sérstaklega.

Eitt af því sem gera þarf til eflingar á íþróttinni og eflingar íþróttar almennt er að koma frjálsíþróttum aftur inn í íþróttakennslu grunnskólanna í landinu. Nemendur eru rúma níu mánuði úr árinu á skólabeck og því eru sóknarfæri þar mikil. Fjör í frjálsum er ekki aðeins aðferð til að kynna íþróttina fyrir börnum og unglungum, heldur líka kjörin leið til þess að gera líkamsrækt að skemmtun fyrir þau. Það hlýtur því að vera markmið FRÍ að koma þessu prógrammi í námsskrá grunnskóla landsins. Það hefur verið bent á að það þarf ekki aðeins að hræða börn og unglunga frá noktun eiturlyfja, heldur líka bjóða þeim upp á aðra kosti. Iðkun íþróttar er árangursríkasta leiðin til þess og *Fjör í frjálsum* gerir aðkomu að íþróttinni skemmtilega og áhugaverða. Því er ekki aðeins um hagsmuni frjálsíþróttahreyfingarinnar að ræða, heldur allrar íþróttahreyfingarinnar og landsmanna í heild.

Finnska skýrslan

Á síðasta ári var Jón Pétur Róbertsson, samfélagsfræðinemi í Gautaborg, fenginn til þess að gera úttekt á starfsemi sænsku og finnsku frjálsíþróttasambandanna og hefur hann sent stjórn FRÍ skýrslu um það síðarnefnda (SUL). Hann ræddi við alla helstu forsvarsmenn finnsku og sænsku frjálsíþróttasambandanna og landssambandanna. Úttekt Jóns Péturs er mjög fróðleg og gefur





greinagóðar upplýsingar um starfsemi finnska sambandsins og bendir hann jafnframt á nokkur atriði sem betur mætti fara í rekstri FRÍ.

Í úttekt sinni kemst Jón Pétur að því að það eru sérsamböndin – ekki heildarsamböndin eða Ólympíunefndirnar – sem eiga „sölurétt“ á íþróttamönnum. Hins vegar er mjög náð samstarf Ólympíunefnda og sérsambanda. Þá eru heildarsamtökin ekki í samkeppni við sérsamböndin með framkvæmd eða skipulagningu á íþróttviðburðum, þ.m.t. konuhlaupum eða þess háttar viðburðum. Markaðsstarfsemi SUL er mjög öflugt og rekur sambandið sérstakt fyrirtæki sem sinnir markaðsmálum fyrir hreyfinguna, sem heitir „Track and Field AB“. Þá gengst samandið fyrir ýmsum atburðum sem beinlínis er ætlað að kynna íþróttina og/eða afla fjár fyrir hreyfinguna, s.s. Helsinki maraþon, „Finnland hleypur“, finnska kvennahlaupið og heiðurshringurinn svo dæmi séu nefnd. Þessi verkefni eru grunnur að samstarfi við samningsaðila sambandsins.

Skýrsla Jóns Péturs gefur bæði góða innsýn í störf og verkefni finnska sambandsins sem og drepur á fjölmörg atriði sem við getum tekið upp eftir Finnunum, þó svo að sjálfsgöðu sé bæði staða íþróttarinnar allt önnur og aðstæður öðru vísi þar.

Skýrslan til á skrifstofu sambandsins fyrir þá sem óska að kynna sér efni hennar nánar.

50 ára afmæli sigurs í landskeppni

Þann 29. á sl. ári gengust ÍSÍ, FRÍ og KSÍ fyrir því að haldið upp á 50 ára afmæli sigurs Íslendinga á Dönum og Norðmönnum í frjálsíþróttum sem fram fór á Bislett 28. og 29. júní árið 1951, en sömu helgi lagði Ísland Svíþjóð að velli í knattspyrnu á Melavelli. Ingi Þorsteinsson formaður FRÍ, 1962–1965, og þátttakandi í íslenska liðinu á Bislett sem hafði forgöngu um málið og hafði hann veg og vanda að undirbúningi. Haldinn var fagnaður á Hótel Sögu að undaneginni guðsþjónustu í Neskirkju. Ágúst Ásgeirsson fyrrv. formaður FRÍ og stjórnarmaður ÍSÍ sá um skipulagninu að hálfu ÍSÍ, en fulltrúar FRÍ í undirbúningnum voru Þorsteinn Þorsteinsson og Jónas Egilsson.

Á hátíðinni voru allir frjálsíþróttakeppendurnir heiðraðir með gullmerki FRÍ, að frátöldum þeim Gunnari Huseby og Inga Þorsteinssyni höfðu þegar verið veitt merkið. Þessir einstaklingar eru:

Adólf Óskarsson	Jóel Sigurðsson	Páll Jónsson
Ágúst Ásgrímsson	Kári Sólmundarsson	Sigurður Friðfinnsson
Ásmundur Bjarnason	Kolbeinn Ingi Kristinsson	Sigurður Guðnason
Eiríkur Haraldsson	Kristján Jóhannsson	Skúli Guðmundsson
Guðmundur Lauritsson	Kristleifur Magnússon	Stefán Gunnarsson
Haukur Clausen	Örn Clausen	Þorsteinn Löve
Hörður Hafliðasson	Torfi Bryngeirsson	
Hörður Haraldsson	Viktor Alfreðsson	

Þessari keppni eru gerð ítarleg skil í grein eftir Jóhann Bernhard, sem birtist í 50 ára afmælisriti FRÍ sem út kom árið 1997.

Uppskeruhátíð

Að frumkvæði Fríðu Rúnar Þórðardóttur var skipulögð uppskeruhátíð, sem haldin var í Smáranum í Kópavogi, 12. janúar sl. Þar voru veittar viðurkenninga fyrir árangur á undangengnu keppnistímabili. Eftirtöldum voru úthlutaðar viðurkenningar:

- **Frjálsíþróttamaður:** Þórey Edda Elísdóttir.
- **Frjálsíþróttakarl ársins:** Jón Arnar Magnússon.
- **Frjálsíþróttakona ársins:** Þórey Edda Elísdóttir.
- **Jónsbikar, sem veittur er fyrir Besti árangur í spretthlaupi:** Silja Úlfarsdóttir
- **Besti árangur unglings 20 ára og yngri:** Silja Úlfarsdóttir.
- **Frjálsíþróttakarl í öldungaflokki:** Jón Magnússon.
- **Frjálsíþróttakona í öldungaflokki:** Unnur Sigurðardóttir.
- **Aquarius bikarinn, veittur fyrir „óvæntasta“ afrek ársins:** Sunna Gestsdóttir.



Uppskeruhátíðin var mjög vel sótt og ánægja almenn með framkvæmdina. Stefnt er að annarri uppskeruhátíð á komandi hausti.

Lokaorð

Þetta er fyrsta þing sambandsins sem haldið er að vori til, en fram til þessa hafa þing sambandsins verið haldin að hausti til. Orsök breytinganna er að finna í breyttum starfsháttum íþróttahreyfingarinnar í heild. Starfsemin er skipulögð lengur fram í tímann, Íþróttþing er nú haldið að vori til og er það m.a. hlutverk þessa þings að kjósa fimm fulltrúa á það þing. Þá miðast reikningsár sambandsins og flestra annarra sambanda við almanaksárið og því eðlilegt að uppgjör fari fram sem fyrst eftir áramót.

Á undanförunum árum hefur verið leitast við að setja sambandinu og hreyfingunni markmið og framfylgja þeim. Þegar litið er yfir ferilinn undanfarin ár hefur margt áunnist en annað tekið lengri tíma en ætlað var.

- Tekist hefur að koma betra skipulagi á fjárhag sambandsins og greiða niður skuldir. Jafnframt hefur orðspor sambandsins farið að okkar mati farið batnandi meðal viðskipta aðila þess, en sambandið hefur verið rekið með hagnaði í fjögur ár samfellt.
- Sett hefur verið stefna fyrir landsliðið og afrekshópa hreyfingarinnar. Hefur landsliðsþjálfara og Íþrótt- og afreksnefnd orðið vel ágengt í að auka áhuga á þátttöku í landsliði og metnað íþróttamanna til að ná árangri.
- Umfjöllun í fjölmiðlum hefur aukist og batnað, þegar á heildina er litið. Alltaf má gera betur og er ljóst að mikið vantar á til að þessum málum verið komið í gott horf.
- Eftirlit með mótum hefur verið komið á og nú er stefnan sett á að gera enn betur.



- Boðið hefur verið upp á fræðslu fyrir þjálfara og skipuleggendur móta. Nú er stefnt að samstarfi við UMFÍ og aðra aðila um útbreiðslu á Fjöri í frjálsum og um eflingu leiðtogafræðslu.
- Ýmsar reglur sambandsins hafa verið endurskoðaðar og þeim breytt. Stjórnin hefur unnið að endurbótum í mótahaldi, en fyrir þessu þingi liggja m.a. tillögur um það efni.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi sambandsins undanfarin ár. Framkvæmdastjóri, sem er því miður aðeins í 75% starfi, sinnir sínum verkefnum af alúð og kostgæfni. Við búum við þann munað, ef svo má að orði komast að geta haft landsliðsþjálfara að störfum fyrir sambandið. Þá höfum við líka starfsmann sem sinnir fjáröflun fyrir sambandið sem er mjög mikilvægt. Það er hreyfingunni nauðsynlegt fyrir áframhaldandi þróun og uppbyggingu hennar að hafa starfskrafta

Stjórnin hefur verið óbreytt í hart nær fjögur ár og hefur stöðugleiki einkennt þetta tímabil. Á þessu þingi eru fyrirsjáanlegar talsverðar breytingar á stjórninni. Þó svo að stöðugleiki sé nauðsynleg forsenda markvissra framfara, er líka þörf á endurnýjun. Þeim sem hverfa úr stjórninni að þessu sinni eru færðar sérstakar þakkir fyrir óeigingjart framlag til hreyfingarinnar. Þessir aðilar munu ekki hverfa af vettvangi, heldur aðeins breyta um hlutverk innan sambandsins. Ný verkefni bíða þeirra á nýjum vettvangi.

Síðasta ár var nokkuð viðburðaríkt eins og fram kemur í upptalningu í skýrslu og viðaukum með henni. Það eru sýnilegar miklar umbætur í aðstöðumálum framundan. Nýr frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, innanhússaðsstaða í Kópavogi og á Akureyri og jafnvel í Hafnarfirði og í Grafarvogi, svo ekki sé minnst á væntanlega frjálsíþróttahöll í Laugardalum. Stefna sambandsins í þessum málaflokki er alveg ljós, en nauðsynlegt er fyrir íþróttina að hafa aðgang a.m.k. einum keppnisvelli í hverjum fjórðungi, sem þætti ekki mikið í sumum greinum.

Það er því ærin ástæða til að ætla að íþróttafólk geti náð enn lengra í íþróttinni og að frjálsíþróttavorið sem rætt hefur verið um, geti orðið að frjálsíþróttasumri og jafnvel hitabylgju.

Að lokum eru fráfarandi stjórnarmönnum, starfsmönnum sambandsins og öðru samstarfsfólki í færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu íþróttarinnar á liðnu starfstímabili.

Jónas Egilsson,
formaður.